

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	3
Leikskóli	3
Starfið síðastliðið leikskólaár	3
Starfsáætlun.....	3
Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður	3
Starfsmannaviðtöl leikskólastjóra og starfsmanna.....	3
Þróunar og nýbreytnistarf	3
Heilsustefna.....	4
Heilsubók	4
Markviss málörvun	4
Foreldrasamstarf	4
Heimasíða	4
Íþróttir og vettvangsferðir	4
Menningarviðburðir, ferðir sýningar, hefðir og hátíðir	4
Hautfagnaður	4
Afmæli Heiðarsels var	5
Dagur íslenskrar tungu.....	5
Jólaskemmtun	5
Kirkjuferð,.....	5
Hattaball	5
Bóndadagurinn.....	5
Þorrablót.....	5
Dagur leikskólans.....	5
Konukaffi	6
Öskudagur	6
Vorfagnaður var haldinn	6
Vetrarstarfi lýkur.....	6
Útskriftarferð með elstu börnin var farin	6
Sumarhátíð	6
Skipulagsdagur 14. október	6
Skipulagsdagur 10. febrúar	7
Skipulagsdagur 7. apríl	7

Fundir	7
Kynning á leikskólanum út á við	8
Foreldrasamstarf.....	8
Áherslur og markmið	8
Foreldraviðtöl.....	9
Fréttabréf.....	9
Foreldrafélag	9
Samstarf-fræðsla-ráðgjöf	10
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila	10
Samstarf við aðra	10
Nemar við HA, HÍ, Símenntun	10
Starfsmenn Heiðarsels í námi	10
Nemar í vettvangsnámi	10
Samstarf við grunnskóla.....	10
Öryggismál.....	11
Umferðaskóli/lögregla	11
Brunaæfing.....	11
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.....	11
Öryggisfulltrúi.....	11
Námskeið, fyrirlestrar	11
Breytingar og viðhald	12
Viðhald innanhúss var eftirfarandi.....	12
Viðhald utanhúss var eftirfarandi.....	12
Það sem ekki var lagað á útisvæði	12
Lokaorð.....	13

Almennar upplýsingar

Leikskóli

Heiðarsel, Heiðarbraut 27. Sími 420-3130 netfang: heidarsel@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/heidarsel

Leikskólastjóri: Kolbrún Sigurðardóttir.

Leikskólinn tók til starfa 8. október 1990 og er rekin af Reykjanesbæ. Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli og heita deildirnar Brekka, Bakki og Hóll. Á Heiðarseli er unnið eftir heilsustefnunni, einkunnarorð skólans eru: hreyfing, næring, listsköpun og leikur. Útivistarsvæði leikskólans er stórt með hefðbundnum leiktækjum.

Flatarmál hússins er 594,2 m², af því er nettóstærð leikrýmis 272 m² og flatarmál lóðar er 4798m.

Starfið síðastliðið leikskólaár

Starfsáætlun

Leikskólinn hefur fylgt starfsáætlun sinni og skóladagatali og hefur sú áætlun staðist. Gerðar eru starfsáætlanir fyrir hvern aldur sem innihalda markmið og leiðir fyrir hvern mánuð í senn yfir vetrartímann í hreyfingu, listsköpun og málörvun. Á starfsmannafundi í september 2010 var skóladagatal Heiðarsels kynnt fyrir starfsmönnum og allir foreldrar fengu skóladagatal leikskólans heim með leiðbeiningum um það hvað hver upþákoma merkir.

Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður

Mat á starfinu fer fram jafnt og þétt yfir árið eftir hvern atburð/upþákomu. Í matinu var tekið fyrir hvað gekk vel/illa, hvernig gekk að fara eftir áætlunum sem höfðu verið gerðar og hvar og hvernig álagið var. Þættir eins og hreyfing, vinnustundir, lestrarmenning, söngstundir, könnunarleikur, Heiðargleði, jólasöngstund og aðrar upþákomur fyrir foreldra, afa og ömmur voru skoðaðar. Tekið verður mið af matinu við skipulagningu haustannar 2011.

Starfsmannaviðtöl leikskólastjóra og starfsmanna

Viðtölin voru í mars og apríl, þetta eru einkaviðtöl sem leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og viðkomandi starfsmaður eiga og er fyllsta trúnaðar gætt. Í viðtölunum er m.a. farið yfir samskipti við nemendur og samstarfsfólk, líðan starfsmanns í vinnunni. Starfsmaður ræðir um sínar sterku eiginleika og það sem hann telur sig þurfa að styrkja. Einnig koma fram þær óskir sem starfsmaður hefur varðandi símenntun og er tekið mið af því í starfsáætlun skólans.

Þróunar og nýbreytnistarf

Áfram var unnið að þróun tónlistarkennslu með einhverfum nemendum auk þess sem tónlistarkennsla var þróuð áfram með öllum aldurshópum. Byrjað var að innleiða uppbyggingarstefnuna í leikskólanum. Einnig var byrjað að þróa nýjar áherslur í

verkefnum elstu barna þar sem meiri áhersla var lögð á ritun/skrift auk þess sem hljóða og stafainnlögn var gerð sýnilegri í starfinu með markvissum kynningum fyrir foreldra.

Heilsustefna

Áfram var unnið með heilsustefnuna þar sem Heiðarsel er heilsuleikskóli. Markmið skólans er að auka gleði og vellíðan nemenda með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun. Alda Kristinsdóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir sáu um hreyfinguna.

Heilsubók

Í tengslum við heilsustefnuna hafa verið reglulegir fundir með fulltrúum Heilsuleikskólanna þar sem bókin hefur verið í endurskoðun sem og skráningar í hana. Þriðja útgáfa Heilsubókarinnar var gefin út í nóvember 2010.

Markviss málörvun

Markviss málörvun er orðin einn af áhersluþáttum starfsins á Heiðarseli. Að hausti er lögð inn málörvunaráætlun fyrir hvern aldur fyrir sig fyrir hverja önn.

Foreldrasamstarf

Foreldrar nýrra nemenda voru boðaðir til fundar í fámennum hópum hjá deildarstjórum. Þar var stefna leikskólans kynnt og húsakynnin skólans skoðuð. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og voru foreldrar ánægðir með kynninguna á skólanum og starfsfólki. Foreldrar elstu nemenda fengu námsefniskynningu á verkefnum elstu nemenda í foreldraviðtölum þar sem lengri tími var gefin fyrir þau viðtöl. Foreldrar voru mjög ánægðir með að fá útskýringuna svona maður á mann og fannst þeim þeir fá gott næði til að spyrja um hluti sem ekki hefði verið spurt um á fjöldafundi. Foreldraráð og foreldrafélag er starfrækt við leikskólann.

Heimasíða

Á heimasíðu leikskólans er að finna tilkynningar, fréttir, myndir, ýmsar upplýsingar um skólann og leikskólastarfið, matseðil fyrir hvern mánuð í senn og ljósmyndir úr leik og starfi barnanna. Það sem viðkemur ljósmyndum var uppfært í desember með nýju forriti.

Íþróttir og vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru í skipulögðu starfi hjá elstu nemendum skólans þar sem unnið er út frá sögunni um Gogga og Valla á ferð og flugi í Reykjanesbæ. Ferðirnar eru farnar yfir sumartímamann og fram á haust. Aðrir nemendur fara reglulega í ferðir í nágrenninu auk þess sem oft er farið með strætó eins og t.d í fjöruna á Fitjum. Íþróttavikur voru í maí þar sem skipulögð hreyfing var færð út, bæði á lóð leikskólans og í næsta nágrenni við skólann.

Menningarviðburðir, ferðir sýningar, hefðir og hátíðir

Haustfagnaður

Haustfagnaður var haldinn 24. september þá var dansað í sal og nemendur voru með hatta sem þeir höfðu útbúið hver á sinni deild. Nemendur af Bakka sáu um skemmtiatriði, síðan sungu allir saman og í lokin var dansað.

Afmæli Heiðarsels var föstudaginn 8. október en þá varð Heiðarsel 20 ára. Haldið var upp á afmæli skólans í sal. Foreldrum, gömlum leikskólastjórum og bæjarbúum var boðið í afmælið. Leikskólastjóri hélt ræðu og sagði frá sögu skólans og skólanum bærust margar góðar gjafir.

Dagur íslenskrar tungu var 16. nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í Heiðarskóla þar sem elstu nemendur fluttu þulur, vísur og söngva auk þess sem þau sungu nokkur lög með nemendum 1. bekkjar og Garðasels.

Jólaskemmtun 10. og 11. desember var jólaskemmtun þar sem nemendur buðu foreldrum og systkinum að koma í leikskólann. Hóll og Bakki voru með skemmtunina á fimmtudegi og Brekka eftir hádegi á föstudegi. Allar deildarnar voru með sína skemmtun í salnum. Nemendur fluttu atriði fyrir foreldra sína, elstu börnin voru með helgileik. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur sem nemendur bökkuðu og skreyttu í vikunni á undan. Skemmtunin tókst vel og mættu foreldrar mjög vel.

Litlu jólin voru fimmtudaginn 16. desember. Kennarar voru með leikritið um Snuðru og Tuðru í jólabakstri. Kennarar og börn dönsuðu í kringum jólatréð og Hafsteinn eigenmaður Hjördísar á Bakka kom og spilaði undir á harmonikku. Þennan sama dag var boðið upp á jólamat í hádeginu sem var hangikjöt með tilheyrandi meðlæti og ís í eftirrétt.

Kirkjuferð, þriðjudaginn 14. desember fórum við í Keflavíkurkirkju ásamt nemendum af öðrum leikskólum í Keflavík. Að þessu sinni voru það nemendur frá Tjarnarseli sem sáu um helgileikinn. Farið var með tvo elstu árganga leikskólans fyrir og eftir hádegi.

Hattaball var haldið miðvikudaginn 6. janúar á þrettándanum, þá komu nemendur og starfsfólk með hatta eða önnur höfuðföt og dönsuðu í salnum við mikinn fögnuð nemenda.

Bóndadagurinn var haldinn hátíðlegur föstudaginn 21. janúar sama dag og þorrablotið með því að bjóða pöbbum og/eða öfum í morgunmat. Boðið var upp á að smakka á þorramat sem allir voru mjög ánægðir með.

Þorrablot var haldið 21. janúar. Nemendur og starfsfólk komu saman í salnum, sungu saman nokkur lög, nemendur fluttu skemmtiatriði sem var krummavísur fluttar af næstelstu nemendum og vikivaki sem elstu nemendur dönsuðu. Nemendur skoðuðu gamla hluti sem fengnir voru að láni frá Byggðasafninu hér í Reykjanesbæ. Rætt var um þorrann, síðan smökkuðu allir sem vildu á þorramat.

Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur föstudaginn 4. febrúar. Þann dag var sett upp þrautarbraut um allan leikskólann, nemendur mættu í íþróttafatnaði og skemmtu sér mjög vel.

Konukaffi var mánudaginn 21. febrúar þá var mæðrum og /eða ömmum boðið í kaffi af tilefni konudagsins milli 14:00 og 15:30. Boðið var upp á nýbakað brauð og skúffuköku.

Öskudagur miðvikudaginn 9. mars var öskudagur. Nemendur og starfsfólk klæddust hinum ýmsum furðufötum. Deildirnar skiptust á að fara í salinn og slá köttinn úr tunnunni, síðan var rugl sem er þannig að fjálst val er um allan leikskólann þar sem nemendur geta farið á milli deilda og leikið þar sem þeir vilja í ákveðinn tíma.

Samstarf við Keflavíkirkirkju tveir elstu árgangar leikskólans fóru í kirkjuna með öðrum leikskólum úr sókninni fyrir jól þar sem helgileikur var fluttur.

Vorfagnaður var haldinn föstudaginn 20. apríl, að því tilefni var náttfataball í salnum þar sem nemendur dónsuðu og skemmtu sér vel.

Vetrarstarfi lýkur föstudaginn 30. apríl var haldið upp á lok vetrarstarfs. Í salnum var boðið upp á sameiginlega söngstund og skemmtiatriði, síðan var rugl á eftir.

Útskriftarferð með elstu börnin var farin þriðjudaginn 24. maí. Ferðinni var heitið út á Garðskaga þar sem farið var í fjöruna með fötur og skóflur. Þegar allir höfðu fengið nóg af fjörunni fórum við upp að byggðasafninu og skoðuðum bátinn Hólmstein GK sem er þar fyrir utan og fengum okkur banana sem við vorum með í nesti. Að lokinni heimsókninni á Garðskaga fórum við til Sandgerðis þar sem við borðuðum pizzu á Mamma Mía í boði foreldrafélagsins.

Útskrift fyrir elstu börnin var í sal leikskólans miðvikudaginn 25. maí. Við útskriftina buðu börnin foreldrum sínum í leikskólann þar sem þau buðu upp á skemmtiatriði og veitingar að lokinni útskriftinni.

Sumarhátíð miðvikudaginn 8. júní var sumarhátíð Heiðarsels haldin hátíðleg frá 11:00 til 13:00. Hátíðin byrjaði á því að nemendur sungu nokkur lög úti í lautinni. Íþróttaálfurinn og Solla stírða komu í heimsókn og skemmtu börnunum. Boðið var upp á pylsur og svala.

Umferðafræðsla Krissi lögga og Lúlli löggubangsi komu í heimsókn 11. nóvember og voru með umferðarfræðslu. Öll börnin fengu endurskynsmerki.

Fimmtudaginn 26. maí komu fræðslufulltrúar frá Umferðastofu og voru með umferðafræðslu fyrir elsta árgang af Heiðarseli og Garðaseli í sal Heiðarsels. Auk þess að fara yfir almenna umferðarfræslu var horft á myndina um Felix og dýrin. Í lok fræðslunnar fengu börnin litabók til að fara með heim.

Skipulagsdagur 14. október

Ólafur Ingi kom frá Brunavörnum Suðurnesja og var með fyrirlestur um brunavarnir. Hann fór einnig yfir brunakerfi hússins. Deildarfundir voru haldnir og skráð í Heilsubækur.

Skipulagsdagur 22. október

Þessi skipulagsdagur var notaður fyrir uppbyggingarstefnuna. Magni Hjálmarsson sem hefur íslenskað bækur fyrir stefnuna kom og hélt fyrirlestur sem hét uppbygging

1. Síðan kom Kristín Pálsdóttir leikskólakennari úr Grindavík seinna um daginn og talaði um uppbyggingarstefnuna út frá leikskólanum.

Skipulagsdagur 10. febrúar

Dagurinn byrjaði á því að Herdís Storgord hjúkrunarfræðingur var með upprifjunar-námskeið í slysavörnum fyrir börn. Eftir hádegi fjallaði Sif deildarstjóri um heilsubókina og fór yfir breytingar sem hafa verið gerðar á henni. Kolbrún og Ólöf leikskólastjórar sáu um að kynna ný viðmið heilsustefnunnar. Síðan var skipt yfir í uppbyggingarstefnuna þar sem Bryndís og Sigurbjörg frá Heiðarskóla komu og sögðu frá því hvernig stefnan var kynnt fyrir foreldrum í þeirra skóla og hvernig hefur gengið að innleiða stefnuna í Heiðarskóla. Í lokin voru það svo teymisstjórar okkar í uppbyggingarstefnunni Halla Björk, Svava Ósk og Þóra Jenny sem sáu um að kynna bókina Barnið mitt er gleðigjafi fyrir starfsmönnum.

Skipulagsdagur 7. apríl

Dagurinn var notaður í skipulagsvinnu með kennurum. Skráð var í Heilsubækur og deildarfundir voru haldnir.

Fundir

Starfsmannafundir voru fimm yfir skólaárið og voru þeir haldnir á vinnutíma frá 8:00-10:00. Þar var upplýsingum komið til starfsmanna, bæði almennum og kennarar sögðu frá námskeiðum sem þeir höfðu sótt. Síðan voru deildarfundir, þar koma deildirnar saman og ræða ákveðin mál sem upp koma hverju sinni s.s. vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild.

Fagfundir voru ekki haldnir þetta skólaár vegna niðurskurðar.

Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku. Þar er rætt faglegt starf leikskólans og sameiginlegar ákvarðanir teknar, einnig er ýmsum skilaboðum og breytingum komið á framfæri.

Aðrir fundir sérkennslustjóri sótti nokkra fundi í Heiðarskóla vegna samstarfs um flutning tveggja einhverfra drengja milli skólastiga.

Samráðsfundir leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum á sameiginlegum vinnutíma á skrifstofu.

Leikskólafulltrúi hélt fund með aðstoðarleikskólastjórum miðvikudaginn 5.október frá 13:00-15:00 á Fræðsluskrifstofu. Rætt var um ársskýrslu, stjórnun og skipulag, foreldrasamvinnu og önnur mál.

Fundir með sérkennurum leikskólans. Ólöf Kristín Guðmundsdóttir sérkennslustjóri sér um fundi sem tilheyra sérkennslu eins og skilafundir og skýrslugerð, á þeim voru m.a. lögð fram stuðningsgöng um málörvun og miðlað frá fundum frá sérkennslufulltrúa.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4-5 tímar á viku og leiðbeinendur fá 2 tíma á viku miðað við 100% starf.

Fagfundir leikskólafulltrúa og leikskólastjóra í Reykjanesbæ eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetratímam á Fræðsluskrifstofu.

Brúum Bilið fundur var haldinn í september í Myllubakkaskóla frá 14:00-16:00 vegna samstarfs leik- og grunnskóla. Efni fundarins var: Tilhögun vetrarins og samstarf milli leik- og grunnskóla næstkomandi vetur. Fundinn sótti Ólöf Guðmundsdóttir og Sif Stefánsdóttir.

Brúum bilið fundur vegna tilfærslu nemenda milli skólastiga haldinn á Vesturbergi 24. maí frá 14:00-16:00. Ólöf Guðmundsdóttir og Sif Stefánsdóttir sóttu fundinn.

Heilsustefna

Leikskólastjóri sótti nokkra fundi sem haldnir voru á vegum heilsusamtaka þar sem skólastjórar heilsuleikskóla hittast og bera saman bækur sínar. Aðalfundur heilsusamtakanna var haldinn á Selfossi 31. mars. Fundinn sóttu fulltrúar allra heilsuleikskólananna og frá Heiðarseli fóru leikskólastjórnir Kolbrún og Ólöf.

Kynning á leikskólanum út á við

Nemendur úr 4. bekk Heiðarskóla komu í heimsókn í leikskólann. Nemendum var skipt niður á deildarnar og léku nokkrir þeirra á hljóðfæri fyrir leikskólabörnin.

Nokkrir nemendur komu frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Nemarnir voru í uppeldisfræði og voru að vinna verkefni í leikskólanum.

Nemar frá Heiðarskóla voru í vettvangs kynningu bæði á haust og vorönn sem tengdist vali þeirra í skólanum. Um var að ræða fjórar stúlkur sem komu einu sinni í viku í tvo tíma í senn.

Nokkuð var um það að foreldrar einhverfra nemenda af öðrum skólum bæjarins kæmu hér og kynntu sér starfsemi sérkennslu.

Leikskólakennarar frá leikskólanum Barónsborg komu í heimsókn á skipulagsdegi sínum 8. apríl. Kennarar kynntu starfið með elstu börnum leikskólans auk þess sem sérkennslan var kynnt.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Í skólagöngu barnsins er um að ræða þríhyrning sem er barn foreldrar og kennari. Í upphafi skólagöngu er haldinn kynningarfundur um skólann og starfsemi hans. Foreldrasamstarf gegnir mikilvægu hlutverki og að foreldrar séu meðvitaðir um hvað er verið að vinna í leikskólanum.

Fundur vegna sérkennslunemenda

Sigrún Hjartardóttir leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi kom 2x í heimsókn í leikskólann vegna ráðgjafar við einhverfa nemendur. Foreldrar sátu fundina.

Til að stuðla að góðu samstarfi höfum við eftirfarandi að leiðarljósi:

- Kynningafundur fyrir nýja foreldra, þar er foreldrum sagt frá skólanum hugmyndafræði hans og stefnu. Foreldrar skoða leikskólann, fá afhenta deildarnámskrá og önnur gögn auk þess að hitta starfsfólkið og aðra foreldra.
- Tvö einkaviðtöl eru á ári fyrir foreldra ásamt kennara barnsins, þar sem heilsubók barnsins er lögð fram og farið er yfir stöðuna. Í upphafi skólagöngu er námskrá leikskólans kynnt fyrri foreldrum og er hún handbók foreldra um skólann og starfið. Reglulega skulu gefin út fréttabréf sem segja frá starfi skólans.
- Boðið var upp á viðtalstíma við deildastjóra og leikskólastjóra eftir þörfum. Foreldrar geta einnig sent tölvupóst beint á deildarstjóra. Markmið er að dagleg samskipti við foreldra einkennast af virðingu og gleði.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru í október og nóvember 2010 og í apríl og maí 2011, þar var farið yfir skráningar í Heilsubókinni. Í viðtölum gefst foreldrum tækifæri til þess að ræða barn sitt einslega við kennara leikskólans. Foreldrum var úthlutað tíma í viðtölin, nánast allir mættu og lítið var um breytingar á tímum.

Fréttabréf

Á skólaárinu voru gefin út sex fréttabréf. Þar komu fram ýmsar upplýsingar varðandi starfsemi skólans, í því var einnig að finna upplýsingar frá foreldrafélagi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur verið starfandi frá upphafi á Heiðarseli og er skipað sjö fulltrúum foreldra og einum starfsmanni leikskólans. Foreldrafélagið stóð meðal annars fyrir:

- ✓ Aðalfundi í september.
- ✓ Íþróttadegi í Heiðarskóla í október.
- ✓ Gáfu leikskólanum afmælisgjöf bolta og dýnur til að nota í hreyfingu.
- ✓ Jólabball haldið í Holtaskóla.
- ✓ Jólasveinninn gaf bækur í jólapakka.
- ✓ Keyptu jólakúlur sem börnin skreyttu og voru sem skraut á jólaballi.
- ✓ Tók þátt í kostnaði við útskriftarferð elsta nemenda.
- ✓ Páskaeggjaleit fyrir páska þar sem börnin fengu páskaegg.
- ✓ Bauð upp á íþróttáalfinn á sumarhátíð leikskólans í júní.
- ✓ Stóðu fyrir sveitaferð á Grjóteyri.
- ✓ Seldu listaverk eftir nemendur á sumarhátíð.

Samstarf-fræðsla-ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Leikskólinn hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Meðal annars við leikskólafulltrúa fram að áramótum (en enginn hefur verið í starfi leikskólafulltrúa frá janúar byrjun 2011), sérkennslufulltrúa, talmeinafræðing og sálfræðing. Leikskólafulltrúi heldur einn fund mánaðarlega með leikskólastjórum og sérkennslufulltrúa. Einnig hélt hún tvisvar sinnum fundi með aðstoðarleikskólastjórum. Gott samstarf er við starfsfólk bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar og við Fasteign ehf.

Samstarf við aðra

- Samstarf við fjölskyldu og félagsþjónustu.
- Samstarf við Greiningarstöð og ráðgjafastöð ríkisins var í tengslum við börn sem njóta sérkennslu í leikskólanum.
- Samstarf við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing sem hefur tekið að sér að málþroskaprófa börn í leikskólanum Heiðarseli í verktöku fyrir Fræðsluskrifstofu.
- Samstarf við Gylfa Pálsson vegna sjúkráþjálfunar.
- Samstarf við Háskóla Íslands vegna heimsóknar nema af Menntavísindasviði.
- Samstarf við aðra leikskóla bæjarins.
- Samstarf við aðra heilsuleikskóla.
- Samstarf við Bókasafn Reykjanesbæjar.
- Samstarf við Grunnskóla Reykjanesbæjar.

Nemar við HA, HÍ, Símenntun

Starfsmenn Heiðarsels í námi

Ólöf Kr. Guðmundsdóttir stundar M.Ed. í sérkennslufræðum við HÍ og Þóra Jenny Benónýsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir stunda einnig M Ed. nám við HÍ.

Nemar í vettvangsnámi

Heiðarsel er heimaskóli Menntavísindasviðs Háskóla Ísland. Þetta skólaárið voru þrír nemar, þær Tinna Björk Haraldsdóttir og Heiða Mjöll Brynjarsdóttir leikskólakennaranemar og Vilhjálmur Þór diplómu nemi í námi fyrir þroskahefta einstaklinga. Vilhjálmur var aðeins eina önn hjá okkur.

Samstarf við grunnskóla

Heiðarskóli/heimaskóli Heiðarsels. Kennarar 1. bekkjar og kennarar elstu nemenda í leikskólanum hittust á fundi í september þar sem skipulögð voru samskipti vetrarins. Börn frá Heiðaseli fóru í heimsókn í hverjum mánuði fram að vori og var samstarfið gott. Gerð var áætlun fyrir veturinn um heimsóknir í Heiðarskóla. Sautján börn voru í elsta árgangi leikskólans. Sérstakt samstarf var við Heiðarskóla vegna einhverfra nemenda sem hefja göngu sína í haust.

Heiðarskóli. Fimmtán nemendur fóru í Heiðarskóla.

Holtaskóli. Einn nemandi fór í Holtaskóla.

Myllubakkaskóli. Einn nemandi fór í Myllubakkaskóla

Njarðvíkurskóli. Einn nemandi fór þangað.

Öryggismál

Umferðaskóli/lögregla

Umferðafræðsla, 26. maí komu fræðslufulltrúar frá Umferðastofu og voru með umferðafræðslu fyrir elsta árgang leikskólans.

Lúlli löggubangsi

kom í heimsókn 11. nóvember og var með umferðarfræðslu fyrir öll börn leikskólans.

Brunaæfing

Engin brunaæfing var vegna fjárskorts.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kom í október og gerði úttekt á öryggisatriðum.

Öryggisfulltrúi leikskólans er Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir

Námskeið, fyrirlestrar

Lubbi finnur málbein

Námskeið um notkun Lubbaefnisins í skólastarfi. Hljóðnám-málörvun-orðaforði-byrjendalæsi. Haldið fimmtudaginn 13. janúar frá 13:00-16:00. Þær sem sóttu námskeiðið voru Hjördís Traustadóttir, Ólöf Gestsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir.

Hrós hvatning og jákvæð endurgjöf

Á námskeiðinu var fjallað um leiðir til að hrósa, hvetja og veita jákvæða endurgjöf hvort sem þarf að viðhalda eða bæta frammistöðu. Námskeiðið sóttu Kolbrún Sigurðardóttir og Ólöf Guðmundsdóttir.

Málþing um stærðfræðimenntun ungra barna

Sif Stefánsdóttir fór á námskeið um stærðfræðimenntun ungra barna sem haldið var á vegum Rannung 28. apríl 2011. Fyrirlesari var Dr. Bob. Perry, professon við Charles Sturt University, New South Wales í Ástralíu. Auk kennara frá Teigaseli á Akranesi.

Grunnnámskeið um röskun á einhverfurófi

Námskeiðið var á vegum Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins miðvikudaginn 18. maí 2011. Fjallað var um hvernig einstaklingar eru sem eru á einhverfurófi. Guðný María Bragadóttir sótti námskeiðið.

Námskeið í Mentor haldið í bæjarskrifstofum 31. maí. Kynntar voru nýjar áherslur í kerfinu. Kolbrún Sigurðardóttir og Ólöf Guðmundsdóttir sóttu námskeiðið.

Námskeiðsdagur sérkennara

Ólöf Guðmundsdóttir leikskólasérkennari sótti námskeiðsdag sérkennara sem haldinn var í Reykjavík 25. mars. Farið var í heimsóknir í Reykjavík sem tengjast sjón og heyrn og máli.

Rannsókn um fagmennsku í leikskólum

RannUng stóð fyrir rannsókn þar sem markmiðið var að skoða sýn, hlutverk og starfshætti leikskólakennara og leiðbeinenda til starfsins. Þrír leikskólakennarar og þrír leiðbeinendur tóku þátt í rannsókninni.

Leikir í starfi

Heilsuleikskóli Keilis stóð fyrir leikjanámskeiði fyrir leikskólakennara. Kenndir voru ævintýralegir hreyfileikir fyrir börn á aldrinum 2-8 ára. Kennari á námskeiðinu var Lars Hazelton frá Gerlev Legepark í Danmörk. Þær sem sóttu námskeiðið voru Ípróttifræðingarnir Rakel Ósk Guðnadóttir, Alda Kristinsdóttir og Margrét Richardsdóttir.

Numicon

Námskeið var haldið í Reykjanesbæ 19. ágúst í 5 tíma um notkun Numicon stærðfræðiefnisins. Kristín Wallis var kennari á námskeiðinu en það sóttu Dagný Káradóttir, Ólöf Gestsdóttir, Sigrún Grétarsdóttir og Hjördís Traustadóttir. Heiðarsel sá um skipulagningu námskeiðsins.

Uppeldi til ábyrgðar (sjálfsaga) er námskeið sem haldið var í Smáraskóla um Uppbyggingar stefnuna. Námskeiðið sóttu; Kolbrún Sigurðardóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Guðný María Bragadóttir, Þóra Jenny Benónýsdóttir og Sif Stefánsdóttir.

Breytingar og viðhald

Viðhald innanhúss var eftirfarandi

- Veggur á Brekku klæddur að hluta.
- 1 hilla færð til.
- Settar læsingar á 2 skáphurðar.
- Smá hlutir eins og festa upp krók og fl.slíkt.

Viðhald utanhúss var eftirfarandi

- Skipt var um sand í sandkassa.
- Nokkrir gluggar málaðir að utan.

Það sem ekki var lagað á útisvæði

- Jarðvegur og gras ekki lagað nægilega vel.
- Niðurföll hafa ekki verið yfirfarin.
- Ljósastaurar voru ekki settir upp á útisvæði.
- Gróður ekki hirtur.
- Lóðin var almennt ekki lagfærð.

Lokaorð

Í þessari ársskýrslu hefur verið fjallað um starfsemi leikskólans Heiðarsels í grófum dráttum. Vel hefur gengið með allt starf leikskólans. Tónlistarkennslu sem var bætt inn í starfið hefur heppnast mjög vel og eru börnin einstaklega ánægð með þá tíma auk þess sem hreyfingin stendur alltaf fyrir sínu. Námskrár fyrir hvern aldur voru endurútfærnar, námskrárnar eru fyrir kennara og foreldra. Vel hefur gengið með nýjar áherslur í starfi elstu barnanna. Gott jafnvægi hefur verið á starfsmannahaldi. Þrír starfsmenn voru þó í langtímaveikindum, þar af var einn starfsmaður lengi frá vinnu vegna öklabrots. Foreldrar eru ánægðir með heilsustefnuna og það sem henni tengist. Á Heiðarseli er góður starfsandi og jákvætt viðhorf til nemanda, foreldra og kennara.

Reykjanesbær, 1. október 2011

Kolbrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri

Ólöf Kr. Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri